

**Hestamannafélagið Sprettur**  
Stjórnarfundur, þriðjudaginn 11. október 2016 á Kjóavöllum.  
15. fundur  
Fundur hófst kl. 18:00

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Hermann Vilmundarson, Helga Hermannsdóttir, Sigurður Tyrfingsson, Ragna Emilsdóttir, Berglind Guðmundsdóttir og Magnús Benediktsson..  
Fjarverandi: Kristín Njálsdóttir.

Á þessum fimmtánda fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Gjaldkeri fór yfir stöðu mála.
3. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir verkefnastöðu og ýmsum málum mál úr daglega starfi félagsins.  
Áður hafa verið send erindi til Garðabæjar og Kópavogi um fegrun og skipulagsmál á félagssvæðinu. Góð og jákvæð viðbrögð hafa verið hjá Garðabæ en nauðsynlegt að leita eftir nánari svörum frá Kópavogsbæ.  
Ný fræðslunefnd er að skipuleggja starf vetrarins.  
Undirbúningur fyrir Áhugamannadeildina er hafinn og mikil eftirvænting fyrir dagskrá vetrarins enda hefur þessi viðburður vakið mikla eftirtekt, ekki síst vegna góðrar aðstöðu í Samskipahöllinni. Einnig er búið að skipuleggja mótaröð fyrir börn, unglinga og ungmenni sem ber heitir Blue Lagoon mótaröðin.
4. Undirbúningur er hafinn fyrir aðalfund félagsins sem haldinn verður 17 Nóvember næstkomandi. Nánar auglýst síðar.
5. LH þingi verður haldið 14-15 Október næstkomandi. Sprettur lagði fyrir þingið 9 tillögur til afgreiðlu.
6. Sprettur sendi inn umsókn til LH um að halda Íslandsmót 2018

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:00

Fundargerð ritaði Ragna Emilsdóttir